



## Útleigureglur fyrir félagsheimilið Skagabúð

- Leigutakar verða að hafa náð 25 ára aldri
- Borga þarf fyrir útleigudag. Berist greiðsla ekki á tilskyldum tíma er litið svo á að fallið hafi verið frá leigunni.
- Ef um endurtekna notkun er að ræða er hægt að semja sérstaklega um verð eftir fjölda skipta á því leigutímabili sem um ræðir.
- Beiðni um undanþágur frá gjaldskrá skal beina til sveitarstjórnar. Í þeim tilvikum þurfa leigutakar að sjá sjálfir um þrif og annan þann kostnað sem til getur fallið. Íbúum Skagabyggðar býðst 25% afsláttur séu þeir með lögheimilisfesti í sveitarfélaginu.
- Afhending hússins fer að jafnaði fram miðað við þann leigutíma sem óskað er eftir og skal skila húsinu strax að viðburði loknum nema samið sé um annað.
- Ef fleiri en einn aðili óskar eftir að leigja húsnæðið á sama tíma gildir að sá gengur fyrir sem pantar fyrst. Undanþága frá þessu er ef almennar kosningar bera upp á sama dag þá riftir sveitarfélagið fyrra samkomulagi um útleigu.
- Starfsmaður lætur leigutaka fá lykla, kennir á kerfið, fær leiðbeiningar um búnað og aðrar aðstæður í húsinu fyrir útleigu.
- Dúka er ekki innifalinn í leiguverði en hægt er að fá bréfdúka og er greitt fyrir þá skv. samkomulagi við húsvörð.
- Leigutaki ber fulla ábyrgð á tjóni á húsnæði, tæknibúnaði og innanstokksmunum sem gestir kunna að valda.
- Borðbúnaður er innifalinn í leiguverði og honum ber að skila í sama ástandi og tekið var við honum. Með öllu er óheimilt að fara með borðbúnað út úr húsi, s.s.potta, pönnur og skálar. Ef áhöld eða borðbúnað vantar þá verður rukkað fyrir það.
- Leigutaki skal skila húsnæðinu grófþrifnu eftir útleigu. Í því felst að gólf séu sópuð, gluggakistur þvegnar, borð þrifin, öll áhöld á sínum stað, og allt sorp fjarlæggt. Ef skoðun eftir útleigu leiðir í ljós ófullnægjandi þrif skal leigutaki greiða tímagjald fyrir þann tíma sem þarf í aukaleg þrif.

Samþykkt á sveitarstjórnarfundi 13.04.2023